

Hraunbrekka ehf.  
b.t. framkvæmdarstjóra  
Siðumúla 12  
108 Reykjavík

**Tegund skoðunar:** Reglubundin skoðun 11.5.2018

**Staðsetning skoðunar:** Grensásvegur 12

**Deild:**

**Eftirlitsmaður:** [REDACTED]

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**

**Upplýsingar tengdar heimsókn:**

Starfsmaður Hraunbrekku [REDACTED] veitti A- skýrslu viðtöku en neitaði að staðfesta móttöku hennar með undirskrift.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í **áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir** þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

**Kynning**

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Búið var að fjarlægja asbest af vesturvegg húseignarinnar Grensásvegur 12, án þess að sótt hafi verið um tilskilin leyfi. Steinullarmottur sem fyrir innan plötur þær er innihéldu asbest höfðu á nokkrum stöðum fokið úr og höfðu asbestleifar borist inn í húsið og voru einnig á verkpöllum. Einnig voru fallvarnir á verkpöllum og notkun persónuhlífa í ólagi.

Fyrirmæli

Öll vinna við húseignina Grensásvegur 12 er bönnuð sbr. 85. gr laga nr. 46/1980 þar til niðurrif og hreinsun á asbesti hefur farið fram samkvæmt reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbest á vinnustöðum og Vinnueftirlitið hefur heimilað vinnu á ný.

Lög & reglur:

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum  
430/2007 : Reglugerð um bann við notkun asbests á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

85. gr. reglugerðar nr. 430/2007

Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn. Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

**Athugasemd 2 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Frágangur á vinnupöllum við húseignina Grensásvegur 12 er ófullnægjandi. 45. cm bil er á milli palla á vestur og suðurhlíðar, Engin gönguleið er á vinnupalla á annarri hæð á austur og suðurhlíðar og verða menn að hoppa eða þar á milli þar sem hæðarmunur er um 80 cm og opið bil upp á 40 cm. Engar fallvarnir eru á unnhlið palla þar sem er um það bil 45. cm bil.

Fyrirmæli

Ganga skal þannig frá fallvörum að öryggi starfsmanna og gönguleiðir starfsmanna sé tryggt.

Veittur frestur:

14.5.2018

Lög & reglur:

204/1972: Reglugerð um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu. Einungis eru í gildi ákvæði um verkpalla úr timbri annars gilda reglur nr. 547/1996

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

### Athugasemd 3 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við skoðun voru starfsmenn ekki með öryggishjálma eins og krafist er í reglugerð nr. 547/1996. Við rykvinnu og slípun voru starfsmenn ekki með öðunargrímur eins og þó krafist er í grein 9.1 reglugerðar nr. 547/1997.

Fyrirmæli

Fyrirtækið skal tryggja að starfsmenn hafi aðgang að viðeigandi persónuhlífum, og framfylgja hjálmaskyldu á vinnusvæðinu

Veittur frestur:

14.5.2018

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

9. Persónuhlífar.

9.1. Starfsmenn við byggingarvinnu skulu nota öryggishjálma og öryggisskó með stálhettu og stálplötu í sóla. Starfsmenn skulu nota aðrar persónuhlífar við vinnu sína eftir því sem nauðsynlegt getur talist svo sem: öðunargrímur, heyrnahlífar, hanska, augn- og andlitshlífar, öryggisbelti o.s.frv. Slíkar persónuhlífar leggur atvinnurekandi til. Þegar slíkra persónuhlífa er krafist eru starfsmenn skyldir að nota þær. Um notkun og gerð persónuhlífa skal fara eftir gildandi reglum.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

---

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

#### *Andmælaréttur*

Samkvæmt 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

#### *Áfrýjun úrskurða*

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.